



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Efni tillögu: Niðurgreiðsla máltíða í félagsmiðstöðinni á Sléttuvegi.

Lagt er til að hver máltíð í matarþjónustu í félagsmiðstöðinni á Sléttuvegi verði niðurgreidd um kr. 460 fyrir eldri borgara og öryrkja.

#### Greinargerð:

Velferðarsvið hefur gert þjónustusamning við Sjómannadagsráð/DAS vegna rekstrar félagsmiðstöðvar fyrir eldri borgara á Sléttuvegi sem samþykktur var í borgarráði þann 11. maí 2017. Félagsmiðstöðin Sléttan opnar í júní 2020 og verður samtengd hjúkrunarheimilinu, almennri dagdvöl og fjölbýlishúsi með 60 nýjum leiguíbúðum fyrir aldraða. Í húsinu verður boðið upp á afþreyingu, tómsundur, heilsurækt, útivist og opið félagsstarf ásamt þjónustu fótaaðgerðasérfræðinga og hárgreiðslumeistara. Þar verður einnig boðið upp á matarþjónustu úr eldhúsi Hrafnistu. Í fyrrnefndum þjónustusamningi kemur fram í grein 7.4:

*„Notendur greiða fyrir matarþjónustu samkvæmt gildandi verðskrá þjónustukaupa sem innheimtir greiðslur samkvæmt reikningum fyrir matarþjónustu. Aðilar semja um niðurgreiðslu fyrir veitingu þjónustunnar til samræmis við niðurgreiðslur sem þá tíðkast í matarþjónustu velferðarsviðs á sambærilegum stöðum.“*

Almennt verð á máltíð á félagsmiðstöðvum velferðarsviðs er kr. 1295. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar greiða kr. 745 í mataráskrift og kr. 815 fyrir staka máltíð. Heimsendur matur kostar kr. 745 og þegar heimsendingargjaldi á kr. 210 er bætt við kostar hann kr. 955. Velferðarsvið niðurgreiðir því máltíð í mataráskrift um **kr. 550**.

Velferðarsvið rekur opið félagsstarf í Gerðubergi sambærilegt því sem verða mun á Sléttuvegi. Þar kostar útseld máltíð, framreidd af Kaffi 111, kr. 1890 fullu verði en er seld ellilífeyrisþegum og öryrkjum á kr. 1000.

Velferðarsvið niðurgreiðir máltíðina um **kr. 460** sem skýrist vegna sparnaðar á akstri með mat í móttökueldhús.

Á árinu 2019 niðurgreiddi velferðarsvið að jafnaði 565 máltíðir á mánuði í Gerðubergi eða u.þ.b. 19 máltíðir á dag. Kostnaður velferðarsviðs var því að meðaltali kr. 260.000 á mánuði.

Velferðarsvið niðurgreiðir einnig máltíðir vegna íbúa í íbúðum í Eirborgum, Fróðengi 1-11 sem á virkum dögum borða í félagsmiðstöðinni Borgum. Um helgar, þegar lokað er í Borgum stendur þeim til boða matur úr eldhúsi Eirar. Hjá Eir kostar máltíðin kr. 1350 fullu verði en er seld á kr. 900 til eldri borgara í Fróðengi. Niðurgreiðsla af hálfu velferðarsviðs nemur **kr. 200**. Á árinu 2019 niðurgreiddi velferðarsvið að jafnaði 210 máltíðir á mánuði eða u.þ.b. 7 máltíðir á dag. Kostnaður velferðarsviðs var að meðaltali kr. 42.000 á mánuði.

Almennt verð í mótuneytum Hrafnistu er kr. 1.700 kr. fyrir hádegishlaðborð, þ.e. aðalréttur, súpa og salat og kr. 1.150 fyrir súpu og salat.

Súpa og salat fyrir eldri borgara og öryrkja yrði selt á kr. 745. Máltíð úr hádegishlaðborði myndi verða seld eldri borgurum og öryrkjum á kr. 900 í áskrift og stök máltíð myndi kosta kr. 1.100

Lagt er til að velferðarsvið niðurgreiði máltíðina í Félagsmiðstöðinni á Sléttuvegi um **kr. 460** fyrir eldri borgara og öryrkja sem sækja félagsstarfið eða í samræmi við niðurgreiðslu í Gerðubergi. Niðurgreiðslan rúmast innan fjárhagsramma velferðarsviðs.

#### Áætlun vegna hlutfallskostnaðar við Sléttuveg

Sala ársins	Áætl fjöldi per dag	Fjöldi niðurgreiddra		Niðurgreiðsla	Niðurgreiðsla samtals á ári
		máliða á ári			
Líkleg ársala	35	12775		460	5.876.500
Líkleg ársala	45	16425		460	7.555.500
Líkleg ársala	55	20075		460	9.234.500

Niðurgreiðsla máltíða m.v. 460 kr/matarskamt

\*\* Útreikningur miðast við niðurgreiðslu per mat RVK hjá Gerðubergi

Eldri borgurum og öryrkjum í hverfinu býðst auk þess að kaupa mat í félagsmiðstöðvunum í Hvassaleiti 56-58 eða Hæðargarði 31 eða fá heimsendan mat óski þeir þess frekar.

Fylgiskjal:

Samningur um rekstur hjúkrunarrýma og dagdvalar og þjónustumiðstöðvar við Sléttuveg.